

**81**  
17. júlí

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi frá 30. ágúst 1932.

Staflíður c. í 2. tölulið 6. greinar reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir að ferma eða afferma bát við bryggjuna greiðist 6 — sex — krónur, sé báturinn eigi stærri en 5 smálestir, ella greiðist kr. 1,25 fyrir hverja fermda eða affermda smálest.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1934.*

**Magnús Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Vigfús Einarsson.*

**82**  
19. júlí

## REGLUGERÐ

fyrir Kennaraskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 63 frá 22. nóvember 1907 um kennaraskóla í Reykjavík, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð fyrir skólann.

### I. KAFLI

**Markmið skólans og skipulag.**

1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum bæði almenna menntun og sérmenntun í því, sem snertir uppeldi barna og kennslu.

2. gr.

Í skólanum eru þrjár ársdeildir. Hann er jafnt fyrir konur sem karla.

### II. KAFLI

**Um inntöku nemenda í skólann.**

3. gr.

Skólastjóri úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.